

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

**Athugasemd við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands**

Þingskjal 510 — 415. mál

4. desember 2012

Í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er vikið að *tungu* í aðfaraorðum og *tungumáli* í 6. gr. og er það nýmæli frá því sem er í núgildandi stjórnarskrá þar sem hvergi er fjallað um tungumál (sbr. Björgu Thorarensen, „Stjórnarskrárákvæði um stöðu íslenskrar tungu“, í *Skýrslu stjórnlaganefndar 2011*, 1. bindi bls. 217).

Hins vegar er ekkert ákvæði í frumvarpi þessu um hvaða mál sé þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi og ekki er heldur kveðið á um sérstaka stöðu íslensks táknmáls. Um íslensku og íslenskt táknmál er fjallað í lögum nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Ráða má bót á þessu með því að bæta við ákvæðum, t.a.m. í I. kafla frumvarpsins, um íslensku og íslenskt táknmál. Efni og orðalag ákvæðanna mætti sækja til 1.-3. gr. laga nr. 61/2011:

■ **1. gr. Þjóðtunga – opinbert mál.**

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.

■ **2. gr. Íslenskt mál.**

Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Allir sem eru búsettir hér á landi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi svo sem nánar er mælt fyrir um í sérlögum.

■ **3. gr. Íslenskt táknmál.**

Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.

Með kveðju  
Ari Páll Kristinsson